

Sp.

801. Skýrsla

[414. mál]

um norrænt samstarf árið 1986.

Frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

1. 34. ÞING NORÐURLANDARÁÐS Í KAUPMANNAHÖFN 3. TIL 7. MARS 1986

**1.1. MINNINGARATHÖFN UM OLOF PALME
FORSÆTISRÁÐHERRA SVÍÞJÓÐAR**

Morðið á Olof Palme forsætisráðherra Svíþjóðar setti mark sitt á 34. þing Norðurlandaráðs. Þingið hófst með minningarathöfn og tók þar fyrstur til máls Páll Pétursson alþingismaður, þáverandi forseti ráðsins, og minntist hins látna forsætisráðherra. Næstir tóku til máls þeir *Poul Schluter* forsætisráðherra, *Kalevi Sorsa* forsætisráðherra, *Steingrímur Hermannsson* forsætisráðherra, *Kare Willoch* forsætisráðherra og *Anker Jørgensen*, fyrrv. forsætisráðherra. Í almennu umræðunum minntust og margir ræðumanna Olofs Palme.

1.2. ALMENNUNUMRÆÐURNAR

Að minningarathöfninni lokinni hófust almennu umræðurnar. Voru haldnar áttatíu ræður; sjö ræður voru fluttar af Íslendingum.

Formaður Norrænu ráðherranefndarinnar, danski samstarfsráðherrann *Christian Christensen*, hóf umræðurnar með því að fylgja úr hlaði ársskýrslu ráðherranefndarinnar, en sú skýrsla liggur ásamt ársskýrslu forsætisnefndar Norðurlandaráðs til grundvallar almennu umræðunum. Hann vakti þar m.a. athygli á að þær breytingar á Helsinki-samningnum, sem gengnar væru í gildi, hefðu í för með sér að samspil Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar líktist nú meira en áður samspili þjóðþinga og ríkisstjórna á Norðurlöndum. Sérstaklega vakti hann í því sambandi athygli á þeim breytingum sem ákveðnar höfðu verið á meðferð norrænu fjárlaganna.

Þau mál, sem hæst bar í almennu umræðunum, voru að venju efnahagsmál og atvinnumál. Á 33. þingi Norðurlandaráðs hafði verið samþykkt tillaga, lögð fram af Norrænu ráðherranefndinni, um þróun efnahagsmála og bætt atvinnuástand á Norðurlöndum. Tillaga þessi og þær aðgerðir, sem framkvæmdar hafa verið innan ramma hennar, voru mjög til umræðu á 34. þinginu.

Einnig voru mengunar- og umhverfismál í brennidepli. Formaður Norrænu ráðherranefndarinnar, *Christian Christensen*, ræddi sérstaklega um loftmengun og það tjón sem af

henni hlýst. Hann minnti í því sambandi á að Norðurlandþjóðirnar hefðu ákveðið að draga úr brennisteinsústreymi um 50% fyrir árið 1995 og gengju þannig feti fram en ákvæði ECE-sáttmálans sem undirritaður var í Helsinki 1985, en hann kveður á um 30% lækkun fyrir árið 1993. Einnig var í því sambandi rætt um alþjóðaráðstefnu þá sem forsætisnefnd Norðurlandaráðs hefði tekið ákvörðun um að halda haustið 1986 um loftmengun.

Norrænt samstarf á alþjóðvettvangi var enn eitt málefni sem margir ræðumenn fjölluðu um. Meðal annars var fjallað sérstaklega um hlutverk Dana, einu norrænu þjóðarinnar með aðild að Evrópubandalaginu, og þann styrk sem fælist í því að Norðurlönd stæðu sameiginlega að samningum við önnur ríki og ríkjabandalög fremur en hvert um sig. Einnig var rætt um Eureka-samstarfið, samstarf Norðurlandþjóða við SADCC-löndin og samstarf þeirra innan vébanda Sameinuðu þjóðanna.

Páll Pétursson alþingismaður benti í ræðu sinni á ýmis merki þess að áhuginn á norrænu samstarfi væri að aukast. Hann nefndi sem dæmi þess að tillögur bærust til Norðurlandaráðs um samstarfsverkefni frá ýmsum aðilum og þar á meðal frá norrænu verkalyðshreyfingunni, fulltrúum atvinnurekenda og frá hinum svonefnda Gyllenhammar-hópi.

Hann ræddi um norrænu fjárlögin og benti á að þótt þau hækkuðu árlega um dágóðan hundraðshluta væru þau nú einungis 540 millj. danskra króna sem jafngilti tæplega fjárhagsáætlun venjulegs sveitarfélags á Norðurlöndum með 30 000 íbúum. Hann fjallaði og um ráðherranefndartillögu þá um samstarf um hljóðvarps- og sjónvarpsmál sem lá fyrir þinginu og kvað Norðurlandaráð hafa tekið við tillögunni með ánægju þó að tíu ár væru liðin frá því að þingmannatillaga þessa efnis hefði verið samþykkt af ráðinu.

Hann lýsti og ánægju yfir norrænu samstarfi og aðstoð við SADCC-löndin. Hann nefndi og í því sambandi tillögu þá um norrænt samstarf á alþjóðavettvangi sem kom til atkvæðagreiðslu síðar á þinginu.

Hann lýsti að lokum ánægju yfir stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar við hina fyrirhuguðu ráðstefnu um loftmengun og yfir ákvörðun ráðherranefndarinnar um stofnun Vestnorræna þróunarsjóðsins.

Eiður Guðnason alþingismaður lýsti í ræðu sinni vonbrigðum yfir því að áhrif þess sparnaðar, sem sameining ráðherranefndarskrifstofanna tveggja hlyti að hafa haft í för með sér, hefði ekki leitt til aukinna fjárveitinga til menningarmálasamstarfsins.

Varðandi fyrirhugað samstarf um Tele-X minnti hann á að sjónvarpsnötturinn væri ekki annað en tæki til að styrkja menningartengsl þjóðanna. Aðalatriðið væri efnið sem sjónvarpað væri og því bæri að leggja megináherslu á að skapa fjárhagsgrundvöll fyrir framleiðslu gæðaefnis bæði sameiginlega og í löndunum hverju fyrir sig.

Hann vakti athygli á þeirri staðreynd að starfsemi Norræna sumaráskólans og Norrænu eldfjallastöðvarinnar hefði fengið mjög jákvæða umfjöllun í nýlegri úttekkt á starfsemi stofnananna, án þess þó að það hafi á nokkur hátt leitt til þess að ráðherranefndin hefði aukið fjárveitingar til starfsemi þeirra eins og nauðsynlegt hefði verið. Hann kvað að lokum mikla þörf á stórlega auknum fjárveitingum til norræns menningarmálasamstarfs, enda væri árangur samstarfsins í réttu hlutfalli við fjárveitingar til þess.

Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra gerði að umræðuefni efnahagsmál, gengismál og verðlagsmál á Íslandi og árangur baráttu ríkisstjórnarinnar við verðbólguna. Varðandi markaðsmál lýsti hann m.a. ánægju yfir þeim áhuga sem væri í atvinnulífnum á norrænu samstarfi og nefndi starf Gyllenhammar-hópsins sem dæmi þess. Hann fór jákvæðum orðum um starfsemi Norræna fjárfestingarbankans og um fyrirhugað samstarf á sviði útflutnings. Í lok máls síns beindi hann athygli að tillögu þeirri sem fyrir þinginu lá um líftæknistofnun á Íslandi og taldi að samþykkt tillögunnar gæti komið öllum þjóðum Norðurlanda að gagni.

Sverrir Hermannsson menntamálaráðherra gerði afhendingu Dana á handritunum til Íslands að viðfangsefni ræðu sinnar og kvað samning þann um afhendinguna, sem gerður hefði verið, vera lýsandi dæmi um milliríkjasamstarf eins og það best gæti orðið. Hann færði Bertel Haarder, menntamálaráðherra Dana, og Poul Schluter forsætisráðherra, auk Gylfa P. Gíslasonar, fyrrv. menntamálaráðherra, þakkir fyrir það sem þeir hefðu lagt af mörkum.

Í lok máls síns hreyfði hann þeirri hugmynd að stofnuð yrði norræn málstöð á Íslandi til að sinna rannsóknum á norrænni menningu og málfræði.

Ólafur G. Einarsson alþingismaður fjallaði í ræðu sinni um þær breytingar á skipulagi Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar sem ákvörðun hefði verið tekin um og lét í ljós þá von að þær leiddu til árangursríkara starfs og gerðu stofnanir ráðsins hæfari en ella til að takast á við verkefni næstu áratuga. Hann nefndi þar sérstaklega meðferð norrænu fjárlaganna og fjölgun fulltrúa í forsætisnefnd úr fimm í tíu sem gerði það að verkum að kosning fulltrúa í forsætisnefnd endurspegladi nú styrkleikahlutföll flokka þeirra sem fulltrúa eiga í Norðurlandaráði. Hann varaði þó samtímis við því að eyða of miklum tíma og orku í vangaveltur um fullkomlega réttláta skipun í trúnaðarstöður. Hættulaust ætti að vera þó eitthvert land eða einhver flokkahópur hefði einhvern tíma of fáa fulltrúa því að það mætti leiðréttu síðar og réttlátri málsmeðferð ætti að vera hægt að treysta.

Hann nefndi fækkun á þeim óbeinu viðskiptahömlum, sem í raun hefðu lamandi áhrif á viðskipti milli norrænu landanna, sem dæmi um mikilvægt norrænt samstarfsverkefni.

Hann fjallaði um þá erfiðleika sem ríkisstyrkir Norðmanna til fiskiðnaðarins valda íslenskum fiskútflutningsiðnaði. Hann benti og á að Íslendingar flyttu inn vörur frá Norðurlöndum sem væru þrefalt verðmætari en þær vörur sem Íslendingar flyttu þangað út. Hann kvað það skapa vantraust á norrænu samstarfi að vandamál af þessu tagi væru ekki leyst á norrænum vettvangi. Norðurlandaráð ætti að vera sá vettvangur þar sem öll vandamál sem upp kæmu milli norrænna þjóða væru reifuð og lausna leitað.

Halldór Ásgrímsson, sjávarútvegsráðherra og norrænn samstarfsráðherra, fjallaði um nauðsyn þess að styrkja tengslin milli norrænna þjóða innbyrðis og þá sérstaklega tengslin við þær þjóðir sem byggja þau norræn lönd sem aust- og vestlægust eru.

Hann kvað tillögur Gyllenhammar-hópsins athyglisverðar þó að margar þeirra hefðu að vísu séð dagsins ljós áður. Eftirtektaverðastar væru tillögur þær sem beindust að því hvernig styrkja mætti stöðu Norðurlanda út á við, ekki síst á sviði útflutnings.

Hann benti á að norrænt samstarf hefði hingað til ekki verið um rannsóknir á nýtingu auðlinda hafsins en nú hefði ákvörðun verið tekin um stofnun embættismannanefndar um fiskveiðimál. Hann kvað verkefni á þessu sviði vera það aðkallandi að stofnun norrænnar hafrannsóknastofnunar gæti orðið nauðsynleg. Að lokum kvað hann norrænt samstarf á sviði rannsókna og útflutnings vera öðru mikilvægara og nefndi í því sambandi bæði Norræna fjárfestingarbankann og Vestnorræna þróunarsjóðinn.

1.3. ÞINGMANNATILLÖGUR, RÁÐHERRANEFNDARTILLÖGUR OG FYRIRSPURNIR

Við upphaf 34. þings Norðurlandaráðs lágu fyrir fimmtíu og ein þingmannatillaga og ein breytingartillaga. Komu þrjátíu og sex þeirra auk breytingartillögunnar til umræðu og atkvæðagreiðslu á þinginu. Þær sjö ráðherranefndartillögur, sem lágu fyrir, komu allar til umræðu og atkvæðagreiðslu. Af ofangreindum þingmanna- og ráðherranefndartillögum samþykkti þingið þrjátíu og fjórar en felldi níu. Á þinginu voru lagðar fram fimmtán nýjar þingmannatillögur.

Bornar voru fram á þinginu fjörutíu og þrjár fyrirspurnir.

2. ÍSLANDSDEILD NORÐURLANDARÁÐS

2.1. FUNDUR ÍSLANDSDEILDAR OG KJÖR Í NEFNDIR

Á fundi sameinaðs Alþingis 21. desember 1985 fór fram kosning fulltrúa í Íslandsdeild Norðurlandaráðs og gildi sú kosning til 20. desember 1986 er kosið var á ný. Eftirtaldir þingmenn hlutu kosningu þann 21. desember 1985: Ólafur G. Einarsson, Páll Pétursson, Friðjón Þórðarson, Guðrún Helgadóttir, Pétur Sigurðsson, Eiður Guðnason og Stefán Benediktsson. Varamenn voru kjörnir þingmennirnir: Friðrik Sophusson, Davíð Aðalsteinsson, Árni Johnsen, Hjörleifur Guttormsson, Salome Þorkelsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir og Guðrún Agnarsdóttir. Við kjör í Íslandsdeild 20. desember 1986 urðu þær breytingar að Haraldur Ólafsson kom í stað Stefáns Benediktssonar sem aðalmaður, Stefán Benediktsson kom í stað Jóhönnu Sigurðardóttur sem varamaður og Guðmundur Bjarnason var kosinn varamaður í stað Guðrúnar Agnarsdóttur.

Verkefnum skipti Íslandsdeild þannig með sér á fundi 21. desember 1985 að Páll Pétursson var kjörinn formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs og tók sæti í efnahagsmálanefnd ráðsins. Varamaður Páls í forsætisnefnd var kjörinn Ólafur G. Einarsson sem einnig tók sæti í efnahagsmálanefnd og fjárlaganefnd. Eiður Guðnason var kjörinn í menningarmálanefnd og fjárlaganefnd, Friðjón Þórðarson í laganeftnd, Pétur Sigurðsson í félags- og umhverfismálanefnd, Guðrún Helgadóttir í samgöngumálanefnd og upplýsingamálanefnd og Stefán Benediktsson í menningarmálanefnd og upplýsingamálanefnd.

Á fundi deildarinnar 6. febrúar 1986 tók Ólafur G. Einarsson við formennsku Íslandsdeildar og Páll Pétursson við varaformennsku. Á sama fundi var Ólafur G. Einarsson kjörinn í forsætisnefnd ásamt Páli Péturssyni. Tók sú kosning gildi þann 12. febrúar 1986. Á sama fundi var ákveðið að Stefán Benediktsson hyrfi úr menningarmálanefnd og tæki sæti Ólafs G. Einarssonar í efnahagsmálanefnd frá og með lokum 34. þingsins. Í ritstjórnarnefnd tímarritsins Nordisk Kontakt voru kosin Guðrún Helgadóttir og Stefán Benediktsson og tók sú kosning gildi 12. febrúar 1986, en frá þeim tíma var upplýsingamálanefnd lögð niður. Eiður Guðnason tók sæti í eftirlitsnefnd Norræna menningarmálasjóðsins og Pétur Sigurðsson í stjórn Norræna menningarmálasjóðsins og var Guðrún Helgadóttir kosin varamaður hans þar.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs hélt á tímabilinu frá lokum 34. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 35. þings Norðurlandaráðs tólf fundi og tvo fréttmannafundi. Meðan á þingum Norðurlandaráðs stendur heldur Íslandsdeild að jafnaði fund hvern morgun.

2.2. STÖRF ÍSLANDSDEILDAR

Deildin ræddi um aðild Íslands að norrænu samstarfi um útvarps- og sjónvarpssendingar um Tele-X sjónvarpshnöttinn. Sverrir Hermannsson menntamálaráðherra og Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri kynntu málið fyrir deildinni bæði að því er varðar þá kosti sem völ er á og eins kostnaðarhlíðina að því leyti sem upplýsingar um hana lágu fyrir.

Deildin ræddi um ráðstefnu þá sem haldin var í Stokkhólmi af forsætisnefnd um loftmengun í september 1986. Í ljósi þess, að Ísland er eina norræna landið sem hefur ekki undirritað bókun þá við ECE um langtímaloftmengun yfir landamæri sem skuldbindur viðkomandi ríki til að draga úr brennisteinsútreymi um 30% fyrir 1993, var málið rætt við Halldór Ásgrímsson, sjávarútvegsráðherra og samstarfsráðherra. Að þeim umræðum loknum ákvað samstarfsráðherra að láta kanna hvaða leið skyldi farin. Álit deildarinnar var að rétt væri að ofanefnd bókun yrði undirrituð af Íslands hálfu.

Deildin ræddi um tillögu þá sem samþykkt var á 34. þingi Norðurlandaráðs um líftæknistofnun á Íslandi og ákvað að fela fulltrúum sínum í efnahagsmálanefnd að fylgja málinu eftir. Tillagan var og rædd á fundi með Halldóri Ásgrímssyni samstarfsráðherra.

Kom þar fram að gerð hefði verið af hálfu Norrænu ráðherra nefndarinnar könnun á því hvernig Íslendingar væru undir það búnir að takast á við verkefni þau sem tillagan gerði ráð fyrir. Lá sú könnun fyrir síðla hausts 1986. Samkvæmt henni voru aðstæður á Íslandi góðar því að yfirgripsmikil sérfræðipækning á þeirri grein líftækni, sem tillagan fjallaði um, væri fyrir hendi, margir vísindamenn í námi í þessari grein og greinilegur samstarfsvilji hjá Íslendingum. Norræna ráðherra nefndin ákvað svo í lok febrúar 1987 að veita 150 000 dönskum krónum til undirbúnings verkefnis á þessu sviði.

Deildin hélt fund með Matthíasi Á. Mathiesen utanríkisráðherra um norrænt samstarf á sviði utanríkismála.

Deildin hélt tvo fundi með Sighvati Björgvinssyni, framkvæmdastjóra Norræna félagsins. Var þar meðal annars rætt um fjárhagsvanda Norræna félagsins á Íslandi, en norrænu félögin annars staðar á Norðurlöndum fá mun hærri ríkisstyrki en Norræna félagið á Íslandi. Einnig var rætt um Nordjobb, en Norræna félagið hefur skipulagt dvöl þeirra norrænu ungmenna sem hafa starfað í íslenskum fyrirtækjum. Á Íslandi hefur reynsla af þessu starfi verið góð en upp hafa komið vandmál vegna hárra skattgreiðslna þeirra ungmenna sem starfað hafa annars staðar á Norðurlöndum.

Fjárhagsvandi Norræna félagsins var og ræddur á ofanefndum fundi með Halldóri Ásgrímssyni samstarfsráðherra.

Deildin fjallaði um ýmsar þeirra þingmannatillagna sem lagðar voru fram á árinu. Eiður Guðnason kynnti tillögu þá, sem hann var fyrsti flutningsmaður að, um sjóð til styrktar norrænni sjónvarps-, myndbanda- og kvikmyndagerð; Guðrún Helgadóttir kynnti tillögu þær, sem hún var fyrsti flutningsmaður að, um norrænt samstarf um jarðskjálftamælingar og um norræna samstarfsáætlun gegn mengun hafsinis; Páll Pétursson kynnti tillögu þá, sem hann var fyrsti flutningsmaður að, um samstarfsáætlun gegn krabbameini; Stefán Benediktsson kynnti tillögu þær, sem hann var fyrsti flutningsmaður að, um fjárstuðning við norræn samtök áhugaleikhúsa og um norrænt samstarf um meðferð drykkjusjúkra.

Deildin fjallaði á fundinum um þingmannatillögu þá um norrænt samstarf á alþjóðavettvangi sem samþykkt hafði verið á 34. þingi Norðurlandaráðs. Tilefnið var tillaga, sem lögð hafði verið fram í forsætisnefnd, um að hún skipaði sjálf á árinu 1986 nefnd til að kanna hvernig norrænu samstarfi á alþjóðavettvangi væri farið og hvernig mætti bæta það. Í kaflanum um forsætisnefnd er nánar vikið að máli þessu.

Eftir umfjöllun í deildinni og í samræmi við tilmæli frá henni ákvað aðalritari forsætisnefndar Norðurlandaráðs að gerð þeirra myndbanda um Norðurlönd og norrænt samstarf, sem Norðurlandaráð stendur að, skuli boðin út í öllum löndunum, en hingað til hefur einungis verið samið við danska aðila um framleiðsluna.

Eftir umfjöllun í deildinni og í samræmi við tilmæli frá henni var ákveðið að veita fé af fjárlögum Norðurlandaráðs til að þýða á íslensku og staðfæra norrænt námsefni sem samið hafði verið á vegum skrifstofu Danmerkurdeildar Norðurlandaráðs o.fl. á kostnað Norðurlandaráðs.

Deildin hélt fund með Fridtjov Clemet, nýskipuðum aðalritara Norrænu ráðherra nefndarinnar.

Deildin fjallaði um beiðni forsætisnefndar Norðurlandaráðs um umsóknir um stöðu aðalritara forsætisnefndar, en Ilkka-Christian Björklund sagði starfi sínu lausu frá 1. febrúar 1987. Ráðinn var frá sama tíma í starfið til fjögurra ára finnski lögfræðingurinn Gerhard af Schultén.

Þrír íslenskir fréttamenn, þeir Ögmundur Jónasson, Eiríkur St. Eiríksson og Fríða Proppé, hlutu norræna fréttamannastyrkinn árið 1986 að tillögu fulltrúa Íslands í forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

3. FORSÆTISNEFND NORÐURLANDARÁÐS

Á 34. þingi Norðurlandaráðs var Anker Jørgensen, fyrrv. forsætisráðherra, kjörinn forseti ráðsins. Aðrir fulltrúar í forsætisnefnd voru danski þingmaðurinn Margrete Auken, finnsku þingmennirnir Peter Muurman og Elsi Hetemaki-Olander, íslensku alþingismennirnir Ólafur G. Einarsson og Páll Pétursson, norsku þingmennirnir Jo Benkow og Hallvard Bakke og sænsku þingmennirnir Grethe Lundblad og Karin Söder. Er Hallvard Bakke tók sæti í ríkisstjórn Noregs síðar á árinu tók Kjell Magne Fredheim sæti hans í forsætisnefnd.

Frá lokum 34. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 35. þings þess hélt forsætisnefnd níu fundi. Að auki hélt hún einn fund með forsætisráðherrum landanna, þrjá fundi með samstarfsráðherrum, einn fund með formönnum fastanefnda Norðurlandaráðs og einn fund með stjórn sambands Norrænu félaganna.

Forsætisnefnd hélt, eins og komið hefur fram, alþjóðlega ráðstefnu um loftmengun í Stokkhólmi 8. til 10. september 1986. Ráðstefnuna sóttu fulltrúar þjóðþinga sextán Evrópuríkja auk níu alþjóðastofnana. Í lok ráðstefnunnar var samhljóða samþykkt lokaskjal sem þegar hefur reynst mikilvægt gagn í baráttunni fyrir aðgerðum til að draga úr loftmengun í Evrópu.

Samtímis því sem upplýsingamálanefnd var lögð niður í febrúar 1986 féllu upplýsingamál undir forsætisnefnd.

Á flestum fundum forsætisnefndar árið 1986 var á dagskrá tillaga sú, sem samþykkt var á 34. þingi Norðurlandaráðs, um norrænt samstarf á alþjóðavettvangi. Í ljósi þess, að Norræna ráðherranefndin sýndi lítinn áhuga á því að skipa nefnd þá sem mælt var til í tillögunni að skipuð yrði í samráði við forsætisnefnd, var sá möguleiki ræddur að forsætisnefnd skipaði nefndina sjálf. Vegna þess hversu afgreiðsla málsins dróst kom það fyrir 35. þing ráðsins og var afgreitt þannig frá þinginu að forsætisnefnd fékk heimild til að ljúka afgreiðslu málsins. Skipun nefndarinnar af hálfu forsætisnefndar kæmi þó því aðeins til greina að efnahagsmálanefnd hefði samþykkt samhljóða starfsreglur fyrir nefndina.

4. FASTANEFNDIR NORÐURLANDARÁÐS

4.1. LAGANEFND

Á tímabilinu frá lokum 34. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 35. þings Norðurlandaráðs hélt laganefnd fjóra fundi. Einn þessara funda var haldinn með dómsmálaráðherrum landanna.

Formaður nefndarinnar var danski þingmaðurinn Bernhardt Tastesen og varaformður hennar Friðjón Þórðarson alþingismaður.

Til nefndarinnar var vísað á árinu fimm þingmannatillögum. Hún lauk meðferð fjögurra þeirra og mælti með því að ráðið samþykkti þrjár. Tillögurnar vörðu vernd barna á stríðstímum, stefnu landanna í fíkniefnamálum og viðurlög við fíkniefnabrotum.

Eitt það málefni, sem nefndin hefur lagt hvað mesta rækt við, er norrænt samstarf um málefni flóttamanna. Nefndin mun standa fyrir ráðstefnu um þetta mál í lok apríl 1987. Einnig hefur réttarstaða Sama verið ofarlega á baugi og tillaga nefndarinnar um að samþykkt verði norræn starfsáætlun um löggjafarmál.

Á fundi nefndarinnar með dómsmálaráðherrum Norðurlanda var rætt um málefni flóttamanna og innflytjenda, réttarstöðu samkynhneigðra, um gildistöku norræna mála-samningsins o.fl.

4.2. MENNINGARMÁLANEFND

Á tímabilinu frá lokum 34. þings Norðurlandaráðs og til upphafs þess 35. hélt menningarmálanefnd sjö fundi og var einn þeirra haldinn með menningar- og

menntamálaráðherrum landanna. Formaður nefndarinnar var Eiður Guðnason alþingismaður og varaformaður grænlenki þingmaðurinn Otto Steenholdt. Voru þeir endurkjörnir í upphafi 35. þings Norðurlandaráðs.

Helstu mál menningarmálanefndar voru, eins og undanfarin ár, fjölmiðlamálin, norrænt samstarf á sviði æðri menntunar, starfsáætlun Norræna rannsóknaráðsins og tillaga um norræna starfsáætlun á sviði menningarmála.

Á fundi í maí voru ræddar tillögur útvarpsstjórnanna á Norðurlöndum um fyrirhugað samstarf um dagskrárgerð vegna sendinga um Tele-X gervihnöttinn. Nefndin lagði síðan til að Norræna ráðherranefndin veitti fjármunum til norrænnar dagskrárgerðar og beindi áhrifum sínum til þess að innlend dagskrárgerð á Norðurlöndum yrði stórlega aukin. Nefndin lagði og áherslu á að kannað yrði með hverjum hætti aðild Íslendinga að Tele-X samstarfinu gæti orðið og lagði áherslu á að Danir gerðust aðilar að samstarfinu.

Nefndin lagði til að tillaga um sjóð til styrktar norrænni kvikmynda-, sjónvarps- og myndbandagerð yrði samþykkt á 35. þingi ráðsins, að sjóðurinn verði að þremur árum liðnum orðinn 150 milljónir SEK og að hluta hagnaðar Norræna fjárfestingarbankans verði varið til uppbyggingar sjóðsins.

Nefndin lagði til að tillaga um norrænt samstarf um jarðskjálftamælingar yrði samþykkt. Samkvæmt tillögunni skyldi norrænt rannsóknarverkefni á sviði jarðskjálftamælinga framkvæmt á Íslandi í því skyni að draga úr tjóni af völdum jarðskjálfta.

Nefndin lagði og til að 34. þing Norðurlandaráðs samþykkti tillögur um samstarf um háskólamál, samstarf milli skóla á Norðurlöndum og skóla annars staðar í Evrópu, um samstarf um íþróttamál, um tónlistarkeppni fyrir ungt fólk, um heimskautarannsóknir o.fl.

Á fundi nefndarinnar með menningar- og menntamálaráðherrum landanna voru til umræðu fjármál, skipulagsmál, fjölmiðlamál og tillaga um norræna starfsáætlun um menningarmál.

Formaður nefndarinnar, Eiður Guðnason, og ritari hennar heimsóttu skrifstofu Evrópuráðsins í apríl 1986 og ræddu við menningar- og menntamálanefnd þess. Þeir ræddu og við embættismenn Evrópuráðsins og fulltrúa Vísindasjóðs Evrópu. Í framhaldi af þessu var svo haldinn fundur fulltrúa Evrópuráðsins og menningarmálanefndar í Stokkhólmi í október til að ræða möguleg samstarfsverkefni. Formaður menningarmálanefndar sat fund þennan. Ákveðið var að slíkir fundir yrðu haldnir árlega.

4.3. FÉLAGS- OG UMHVERFISMÁLANEFND

Frá lokum 34. þings Norðurlandaráðs og til upphafs þess 35. hélt félags- og umhverfismálanefnd sex fundi og voru tveir þeirra sameiginlegir með félags- og umhverfismálaráðherrum Norðurlanda. Formaður nefndarinnar var finnski þingmaðurinn Marjatta Väänänen og varaformaður norskri þingmaðurinn Svein Alsaker.

Nefndin lauk á árinu meðferð fjórtán þingmannatillagna og einnar ráðherranefndartilögu og lagði til að 35. þing Norðurlandaráðs samþykkti þrettán þeirra auk ráðherranefndartillögunnar, en efni hennar varðaði starfsáætlun um aðgerðir gegn loftmengun. Þingmannatillögunnar, sem lagt var til að samþykktar yrðu, fjölluðu um samstarf á sviði sérhæfðrar sjúkraþjónustu, samstarf á sviði heilsuverndar, rannsóknir á og aðgerðir gegn alnæmi, samstarfsáætlun gegn krabbameini, um búferlaflutninga ellilífeyrisþega milli norrænna landa, um stuðning við norrænt samstarf fatlaðra, um vatnsmengun, um aðgerðir gegn mengun hafisins o.fl.

4.4. SAMGÖNGUMÁLANEFND

Samgöngumálanefnd hélt fimm fundi frá lokum 34. þings Norðurlandaráðs og til upphafs þess 35. og var einn þeirra haldinn með samgönguráðherrum landanna. Formaður

nefndarinnar sænski þingmaðurinn Elver Jonsson og varaformaður finnski þingmaðurinn Sakari Knuutila.

Samgöngumálanefnd hefur ákveðið að halda ráðstefnu í bo í september 1987 um tölvumál og tölvutækni á Norðurlöndum og hefur undirbúningsvinna fyrir ráðstefnuna verið unnin á árinu 1986.

Nefndin hefur á árinu fjallað um átta þingmannatillögur og eina ráðherranefndartillögu. Nefndin lagði til að 35. þing Norðurlandaráðs samþykkti ráðherranefndartillöguna og sex þingmannatillagnanna. Þær vörðuðu lækkun flugfargjalda á Norðurlöndum, einföldun reglna um tollafgreiðslu í póstsamgöngum milli landanna, einföldun á umferðarmerkjum, norrænt ferðakort fyrir ungt fólk, skipulag samgöngukerfa á Norðurlöndum, samstarf milli þjóðgarða á Norðurkollusvæðinu og Kvarken-svæðinu. Ráðherranefndartillagan fjallaði um norræna starfsáætlun um umferðaröryggismál.

Á fundi nefndarinnar með ráðherrum var að venju fjallað um ársskýrslu ráðherranefndarinnar en þar að auki um samræmingu á stefnu Norðurlanda á sviði samgangna og flutninga, byggingu brúar yfir eða gangna undir Eyrarsund, flugsamgöngur, nýtingu tölvutækni til að auka afköst á sviði flutninga, stefnu landanna í siglingamálum o.fl.

4.5. EFNAHAGSMÁLANEFND

Á tímabilinu frá lokum 34. þings Norðurlandaráðs og til upphafs þess 35. hélt efnahagsmálanefnd fimm fundi og hin svokallaða níumannanefnd einn. Nefndin hélt m.a. fundi með fjármálaráðherrum landanna, ráðherrum þeim sem EUREKA-verkefnið heyrir undir, samstarfsráðherrum Norðurlanda og fulltrúum Norræna fjárfestingarbankans og aðalritara í Fríverslunarbandalags Evrópu, EFTA.

Formaður nefndarinnar var norskur þingmaðurinn Jan P. Syse og varaformaður hennar sænski þingmaðurinn Arne Gadd.

Nefndin lauk meðferð tíu þingmannatillagna og þriggja ráðherranefndartillagna. Efni tillagnanna varðaði m.a. skattamál, fiskstofna í Eystrasalti, samstarf á sviði útflutnings, stefnu í atvinnumálum og líftækni. Ráðherranefndartillögur þær, sem nefndin fjallaði um og mælti með, vörðuðu aukningu stofnfjár Norræna fjárfestingarbankans, norræna starfsáætlun gegn viðskiptahömlum og reglur fyrir norrænu samstarfsnefndina um kjarnorkumál.

Nefndin hélt í september 1986 ráðstefnu um skattamál á Norðurlöndum.

4.6. FJÁRLAGANEFND

Fjárlaganefnd hélt fimm fundi frá lokum 34. þings Norðurlandaráðs og til upphafs þess 35. Við breytingar þær á starfsreglum Norðurlandaráðs, sem tóku gildi 12. febrúar 1986, jókst fjöldi fulltrúa úr tíu í fjörutíu. Fimm nefndarmanna eru formenn hinna fastanefndanna, en hinir níu eiga ekki sæti í öðrum nefndum. Formaður var danski þingmaðurinn Ivar Hansen en varaformaður norskur þingmaðurinn Hanna Kvanmo.

Hlutverk nefndarinnar er tvískipt, annars vegar á hún að samræma fjárlagatillögur hinna fastanefndanna og hins vegar á hún að rannsaka starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar og stofnanir hennar í því skyni að auka hagræðingu. Starfsemin hefur ekki enn þá komist í fastan farveg, enda koma þær breytingar á meðferð norrænu fjárlaganna, sem ákveðnar hafa verið, ekki til framkvæmda fyrr en við meðferð fjárlaga ársins 1988. Hófst meðferð þeirra í raun í janúar 1987 þegar Norræna ráðherranefndin lagði í fyrsta sinn fram skýrslu um þá starfsemi sem áformuð er næstu ár (C2).

Starf nefndarinnar árið 1986 hefur aðallega falist í umræðum um framtíðarskipan starfsins. Ákveðin hafa verið drög að því hvernig rannsóknarhluti starfsins verði.

Nefndin fjallaði um eina þingmannatillögu sem varðaði fjármögnun norræna samstarfsins. Efni tillögunnar var það að varið yrði 1 prómill af þjóðartekjum á Norðurlöndum til norræns samstarfs.

Nefndin lagði til að Norðurlandaráð samþykkti tilmæli til Norrænu ráðherranefndarinnar um að leggja fram hugmyndir um það hvernig unnt væri að fjármagna samstarfið þannig að hinni auknu fjármagnsþörf yrði fullnægt.

5. TÍMARITIÐ NORDISK KONTAKT OG RITSTJÓRNARNEFND ÞESS

Samkvæmt ákvörðun forsætisnefndar árið 1985 að fengnum tillögum starfshóps upplýsinganefndar komu til framkvæmda viðamiklar breytingar á efni og útliti tímaritsins Nordisk Kontakt við áramót 1985–1986. Tímaritið kemur nú út sautján sinnum á ári og er upplag þess rúmlega 9000 eintök. Markmiðið er að tímaritið skuli, auk þess að gefa yfirlit yfir þingstörfin á Norðurlöndum, innihalda auðlesið efni um það sem efst er á baugi í þjóðfélagsmálum og listum á Norðurlöndum.

Ákveðið hefur verið að þeir sem þegar eru orðnir áskrifendur tímaritsins skuli áfram fá það endurgjaldslaust en nýir áskrifendur skulu greiða hér eftir 105 sænskar krónur á ári fyrir það.

Einar Karl Haraldsson er aðalritstjóri tímaritsins en Björn Jóhannsson er einn þeirra fimm ritstjóra sem sjá um öflun efnis í tímaritið, hver frá sínu heimalandi.

Ákveðið hefur verið að ráðnir skuli starfsmenn á Grænlandi og í Færeyjum til að afla efnis þaðan og þegar hefur verið ráðinn starfsmaður á Álandseyjum.

Ritstjórnarnefnd tímaritsins hélt fyrsta fund sinn 4. mars 1986 og kaus þá Guðrúnu Helgadóttur alþingismann formann nefndarinnar og varaformann sænska þingmanninn Ingrid Sundberg. Guðrún Helgadóttir var endurkjörin formaður í lok febrúar 1987 en varaformaður var þá kjörinn norski þingmaðurinn Reulf Steen.

6. 35. ÞING NORÐURLANDARÁÐS Í HELSINKI 23. TIL 27. FEBR. 1987

6.1. STÖRF ÞINGSINS

Fyrir þingið voru lagðar fjórutíu og sjö þingmannatillögur og sex ráðherranefndartilögur. Fjórtán tillagnanna voru á sviði félags- og umhverfismálanefndar, tólf á sviði menningarmálanefndar, tíu á sviði efnahagsmálanefndar, sjö á sviði samgöngumálanefndar og fjórar á sviði laganeftar. Þingið samþykkti allar ráðherranefndartillögurnar og fjórutíu þingmannatillögur.

Ráðherranefndartillögurnar fjölluðu um aðgerðir gegn viðskiptahömlun milli norræna landa, aukningu stofnfjár Norræna fjárfestingarbankans úr 800 milljónum SDR í 1600 milljónir SDR, samstarfsáætlun um aðgerðir gegn loftmengun, reglur fyrir Norræna vísindaráðið, starfsáætlun um aukið umferðaröryggi og reglur fyrir norrænu samstarfsnefndina um kjarnorkumál.

6.2. ALMENNUR UMRÆÐURNAR

Formaður norrænu ráðherranefndarinnar, finnski ráðherrann Gustav Björkstrand, hóf umræðurnar með því að fylgja úr hlaði skýrslum ráðherranefndarinnar um starfið á liðnu ári annars vegar og hins vegar það starf sem áætlað er næstu ár, en nú var í fyrsta sinn lögð fram sérstök skýrsla um starfsáætlun næsta árs.

Af íslensku ræðumönnunum tók fyrstur til máls *Eiður Guðnason* alþingismaður og lagði í ræðu sinni áherslu á að samstarfinu á sviði sjónvarpsmála yrði fram haldið í samræmi við gerðar áætlanir og að dagskrárgerð yrði þannig að hún drægi til sín áhorfendur. Stofnun

norræns kvikmyndabanka kæmi þar að gagni. Kvikmyndabanki sá, sem lagt hefur verið til að stofnaður verði, mundi starfa sjálfstætt, nánast eins og banki, og hafa það hlutverk að fjármagna framleiðslu kvikmynda. Stofnfé fengist með því að arði Norræna fjárfestingarbankans yrði um tíma varið til þessa.

Hann kvaðst vænta mikils af samstarfsáætlunini um menningarmál sem lögð yrði fram að ári. Hann batt vonir við að áætlunin tæki til nemendaskipta á Norðurlöndum.

Hann nefndi þær tillögur sem lögju fyrir þinginu um samstarf á sviði rannsókna og menntunar. Þessar tillögur, sem og margar aðrar á menningarmálasviði, tengdust starfi annarra alþjóðastofnana. Hann kvað alþjóðasamstarf og alþjóðleg sjónarmið vera orðið daglegt brauð á menningarmálasviði á Norðurlöndum hvort sem mönnum líkaði það betur eða verr. Hann kvaðst því vona að ákvarðanir Norðurlandaráðs yrðu á þann veg að norrænt samstarf á alþjóðavettvangi styrkist enn frekar.

Hann lýsti stuðningi við þingmannatillögu þá sem lögð hefði verið fram í tilefni af stórfelldri aukningu selastofnsins við Noregsstrendur og vísaði til ályktunar Vestnorræna þingmannaráðsins um upplýsingaherferð í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum til að kynna hversu nauðsynlegt það væri Færeyingum, Grænlandingum og Íslendingum að nýta auðlindir hafsins.

Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra minnti á þann vaxtarbrodd sem undanfarið hefur verið í samstarfi Norðurlandþjóða á sviði efnahagsmála og tók starf Norræna fjárfestingarbankans sem dæmi um þetta. Hann lýsti jafnframt þeirri von sinni að störf þau, sem unnin eru á vegum Nordforsk, muni halda áfram að þróast og skrifinnskan ekki ná yfirhöndinni. Hann lét í ljós vonir um að samkomulag næðist um líftæknistofnun á Íslandi.

Hann minnti á að þótt reynt hefði verið að gera Norðurlönd að heimamarkaði fyrir norrænan útflutning væri innflutningur landbúnaðarvara takmarkaður í öllum löndunum og hann taldi ólíklegt að breyting yrði á því næstu ár. Hann minnti og á þau vandkvæði sem skapast hafa af því fyrir Íslendinga að Norðmenn skuli niðurgreiða fiskútflutning sinn og benti á sams konar aðgerðir á sviði skipaiðnaðar.

Hann benti á mikilvægi þess að Norðurlönd stæðu saman og kæmu fram sem ein heild út á við og benti í því sambandi á nauðsyn þess að Norðurlandþjóðirnar beittu áhrifum sínum til að stuðla að útrýmingu kjarnorkuvopna. Á sviði umhverfismála taldi hann það og mikilvægt að Norðurlandþjóðirnar beittu áhrifum sínum sameiginlega til að bæta lífskjör á jörðinni.

Ólafur G. Einarsson alþingismaður fjallaði í ræðu sinni um þau vandkvæði sem af því hlytust er Norðurlandaráð tæki meirihlutaákvarðanir sem brytu í bága við grundvallarsjónarmið eða verulega hagsmuni einstakra þjóða eða flokkshópa. Hann minnti í því sambandi á að samþykkt var á 34. þingi Norðurlandaráðs árið 1986 tillaga um norrænt samstarf um flóttamannaaðstoð sem allir finnsku fulltrúarnir greiddu atkvæði gegn. Jafnframt benti hann á að fyrir þinginu lægi nú tillaga um að forsætisnefnd skipaði nefnd til að kanna umfang norræns samstarfs á alþjóðavettvangi og leggja fram tillögur um bættu tilhögun þess. Tillögu þessari mundu væntanlega allir fulltrúar hægri flokkanna greiða mótatkvæði ásamt flestum fulltrúum Finnlands. Með þess konar ákvörðunum væri Norðurlandaráð að fara inn á varhugaverðar brautir og of margar ákvarðanir af þessu tagi gætu veikt starfsgrundvöll Norðurlandaráðs óhæfilega, en til þess væru of mikilvæg verk óunnin. Í lok ræðunnar nefndi hann ýmis dæmi um nýlega lagasetningu og lagafrumvörp á Íslandi sem færði íslenskt réttarkerfi nær rétti annarra norrænna landa.

Páll Pétursson alþingismaður gerði tillögu þá, sem samþykkt hafði verið á þinginu árið áður um norrænt samstarf á alþjóðavettvangi, að umræðuefni sínu og þær deilur sem orðið höfðu um hana. Hann rakti meðferð málsins frá samþykkt tillögunnar og skýrði m. a. frá því að Norræna ráðherranefndin hefði sýnt því lítinn áhuga að skipa nefnd þá sem farið var fram

á í tillögunni en hefði fallist á að greiða að hálfu kostnað vegna starfsemi slíkrar nefndar sem skipuð yrði af forsætisnefnd.

Hann fjallaði um þá mótstöðu sem tillagan um að forsætisnefnd skipaði sjálf umrædda nefnd hefði mætt, mótstöðu sem hefði byggst á því að Norðurlandaráði bæri ekki að fjalla um utanríkismál. Hann nefndi síðan dæmi um mál, tengd utanríkismálum, sem snertu þó ekki varnarmál og sem eðlilegt og gagnlegt væri að Norðurlandaráð fjallaði um, þar á meðal þróunaraðstoð og mengunarmál, bæði hvað varðar loftmengun og mál sem upp kæmu vegna hættu frá kjarnorkuverum, t.d. í Dounreay í Skotlandi. Í því sambandi vitnaði hann í samþykkt Vestnorræna þingmannaráðsins um að vinna beri gegn stofnun nýrra kjarnorkuvera og að því að þau sem fyrir eru verði lögð niður.

Sem málamiðlun varðandi stofnun nefndar þeirrar, sem hann fjallaði um í upphafi ræðu sinnar, lagði hann til að starfsreglur nefndarinnar yrðu ákveðnar áður en hún yrði skipuð og setti fram í lok ræðu sinnar drög að slíkum starfsreglum.

Halldór Ásgrímsson, sjávarútvegsráðherra og samstarfsráðherra, fjallaði um mikilvægi þess norræna samstarfs sem hafið væri á sviði sjávarútvegs mála. Hann nefndi sérstaklega í því sambandi hlutverk spendýra hafsins í dýraríki sjávar og mengun hafsins. Hann lýsti þeirri rannsóknarstarfsemi sem starfrækt væri af Íslendingum um hvalastofninn. Hann lýsti ánægju vegna þess norræna verkefnis sem ákveðið hefði verið um hvalatalningu á Norður-Atlantshafi. Sem annað dæmi um nauðsyn þess að kanna lífsskilyrði spendýra hafsins nefndi hann þá aukningu á selastofninum við Noreg og Ísland sem orðið hefði.

Sem dæmi um enn önnur mikilvæg samstarfsverkefni nefndi hann aðgerðir gegn loftmengun og samstarf um líftækni og kvað Íslendinga vænta þess að taka beinan þátt í því samstarfi. Í lok ræðu sinnar minnti hann á að það er hinn sameiginlegi menningararfur norrænna þjóða sem norrænt samstarf byggir á og því taldi hann mikilvægt að norræna starfsáætlunin um menningarmál verði lögð fram.

Guðrún Helgadóttir alþingismaður gerði að umræðuefni þá mengun hafsins sem Norðurlandþjóðirnar búa við og kvað fá svið vera eins vel fallin til norrænnar samvinnu og samstarf um skjótar aðgerðir gegn mengun hafsins. Hún minnti í því sambandi á þingmannatillögu þá sem hún hefði lagt fram ásamt fleiri fulltrúum frá Íslandi og öðrum löndum um norræna starfsáætlun um aðgerðir gegn mengun sjávar.

Í tilefni af tillögu þeirri, sem norskir fulltrúar í Norðurlandaráði höfðu lagt fram um rannsóknir á selastofninum við Noregsstrendur, minnti hún á að Norðmenn hefðu ekki ráðfært sig við Íslendinga áður en þeir gerðu samninga við Sovétmenn um veiðiheimildir innan fiskveiðilögsögu Norðmanna. Hún kvað nauðsyn bera til að hagsmuna allra væri gætt þegar ákvarðanir væru teknar um nýtingu auðlinda hafsins.

Hún kvað og nauðsyn bera til fyrir Norðurlönd að taka upp markvissari stefnu á alþjóðavettvangi. Norðurlönd þyrftu að auka menntun og þekkingu á sviði tækni og rannsókna. Á því sviði stæðu Evrópubúar nú verr að vígi en Japanar og Bandaríkjamenn. Hún bar fram þá spurningu hvort sameinuð Norðurlönd væru ef til vill svarið við því magnleysi sem greinilega ríkti á sviði tækni og rannsókna í Evrópu. Hún kvað það forsendu þess að Norðurlandaráð geti haft áhrif á ákvarðanir um notkun alþjóðafjármagns í heiminum, sem einnig snerta líf Norðurlandabúa, að komið yrði á fót stofnun á vegum Norðurlandaráðs og fengnir til starfa við hana embættismenn vel menntaðir á sviði alþjóðastjórn mála og efnahags mála.

Að lokum benti hún á að norrænt samstarf mætti ekki staðna í sjálfumgleði yfir þeim árangri sem þegar hefði náðst. Samstarfið þyrfti að aðlagast aðstæðum í heimi sem væri í stöðugri þróun, þar sem þekkingin væri vopn okkar í baráttunni við niðurrifsöflin sem ógna jörðinni og íbúum hennar.

Haraldur Ólafsson alþingismaður minnti á að þótt Norðurlandaráð hefði ekki gert samþykktir um varnar- og öryggismál hefðu mikilvæg mál á borð við umhverfis- og þróunarmál verið þar til umfjöllunar. Því teldi hann Norðurlandaráð hafa rétt á að taka afstöðu í jafn veigamiklu máli og Suður-Afríkumálinu. Það væri og í raun skylda að berjast gegn þeirri lögleiðingu misréttis sem þar viðgengist. Sameiginlegar aðgerðir gegn Suður-Afríku væru mikils virði eins og málin stæðu.

Hann nefndi nauðsyn þess að strandríki stæðu saman að rannsóknar- og friðunaraðgerðum til verndar fiskistofnunum. Hann kvaðst og hafa skilning á áhyggjum Norðmanna vegna aukningar selastofnsins en átaldi þá jafnframt fyrir að hafa ekki veitt Íslendingum upplýsingar um samningaviðræður þeirra við Rússa um veiðar innan landhelgi.

Hann minnti á mikilvægi þess að ná samningum við Færeyinga, Grænlandinga og Norðmenn um fiskveiðar í Norður-Atlantshafi.

Enda þótt það skipti miklu máli að fylgjast með þróun mála á meginlandi Evrópu kvaðst hann líta til norðurs, norðurhöf væru sá grundvöllur sem þjóðfélög Færeyinga, Grænlandinga og Íslendinga byggðu tilveru sína á. Hann fjallaði um þá ógn sem lífríki Norður-Atlantshafs stafaði af kjarnorkuverinu í Dounreay í Skotlandi.

Hann endaði ræðu sína með því að minna á að ef dreginn væri hringur sem næði utan um Norðurlönd öll þá væru Færeyjar í miðju hans.